

2018



Náttúruhamfaratrygging
Íslands

ÁRSSKÝRSLA



EFNISYFIRLIT

FRÁ STJÓRN NTÍ

Helstu upplýsingar úr stjórnarstarfinu 4-5

HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR REKSTINUM

Vegna ársins 2018 6-7

LÖG UM PERSÓNUVERND

Innleiðing persónuverndarlaga hjá NTÍ 8

MANNVIRKJASKRÁ

Nýtt kerfi hjá NTÍ 10-11

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

Rekstrarreikningur 12
Efnahagsreikningur 13
Helstu skýringar með ársreikningi 14-15

LJÓSMYNDIR Í ÁRSSKÝRSLU

Forsíðumynd frá Lónsöræfum
Hellisheiðarvirkjun frá Úlfarsfelli 2
Horft frá Skálafelli til suðausturs 9
Horft frá Skálafelli til austurs yfir Þingvallavatn 10
Horft til suðurs í átt að Þeistareykjum 10
Horft frá Skálafelli að Móskarðshnjúkum 11
Suðvesturhluti Hengils 12

FRÁ STJÓRN NTÍ

Stjórn NTÍ var skipuð árið 2015 til fjögurra ára. Þetta er því fjórði ársfundur þeirrar stjórnar sem skipuð er Sigurði Kára Kristjánssyni formanni, Línu Björgu Tryggvadóttur varaformanni, Adolfi Guðmundssyni, Ragnari Þorgeirssyni og Vigdísi Halldórsdóttur. Vigdís vék úr stjórn vegna breytinga í starfi frá og með 15. mars 2019 og tók Jóna Björk Guðnadóttir sæti hennar.

Þann 1. júlí 2018 tóku gildi breytt lög um NTÍ. Þá var nafni stofnunarinnar breytt úr Viðlagatrygging Íslands í Náttúruhamfaratrygging Íslands. Breytingarnar sem gerðar voru á lögnum áttu það sameiginlegt að vera ætlað að stuðla að aukinni skilvirkni í starfsemi stofnunarinnar.

Þær breytingar sem hafa mest áhrif á störf stjórnar eru þær að stjórn mun ekki lengur úrskurða í ágreiningsmálum, heldur er málum nú vísað beint til úrskurðarnefndar náttúruhamfaratryggingar skv. 19. gr. laga nr. 55/1992. Skipun í úrskurðarnefnd NTÍ er nú til þriggja ára en var áður ótímabundin. Aðrar breytingar eru þær helstar að eigin áhætta tjónþola er lækkuð úr 5% í 2%, en samhliða því eru lágmarksfjárhæðir

Breytingar á lögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands tóku gildi 1. júlí 2018.

eigin áhættu hækkaðar. Einnig hefur verið lögfest að tjónþoli skuli nota váttryggingarbætur til að gera við eða endurbyggja húseign, sem hefur orðið fyrir tjóni. Með ákvæðinu er þess vænst að komið verði í veg fyrir að húseignir standi óviðgerðar til langs tíma, með tilheyrandi hættu, t.d. þar sem gera má ráð fyrir endurteknum jarðskjálftum.


Stjórn NTÍ hefur lagt áherslu á áhættustýringu og gæðamál. Framkvæmdastjóri NTÍ hefur leitt umfangsmiklar breytingar á áhættustýringu stofnunarinnar sem stjórn telur að séu til mikilla hagsbóta fyrir starfsemina.

Unnið er að stöðugum umbótum innan NTÍ, þar sem áhersla er lögð á að undirbúa stofnunina til að takast á við tjónsatburði framtíðarinnar.

Endurskoðunarnefnd NTÍ starfar í umboði stjórnar, en í henni sitja Sigurður Þórðarson formaður, Steinunn Guðjónsdóttir frá Sjóvá og Ragnar Þorgeirsson fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd gegnir mikilvægu hlutverki í mati á innra eftirliti og áhættustýringu NTÍ og starfar í góðu samráði við stjórn.

Stjórn hefur haft þrjú meginverkefni til umfjöllunar, stöðugar umbætur í meðferð og umsýslu tjónamála, eignastýringu og endurtryggingar. Starfsemin byggir á stöðugleika, ábyrgri stjórnun og góðu skipulagi fyrir tjónsatburði framtíðarinnar.

Á undanförunum árum hefur virk áhættustýring verið innleidd hjá NTÍ og mikil þróun hefur átt sér stað í áhættumati og fyrirkomulagi endurtrygginga. Sérhæfð upplýsingakerfi hafa verið tekin í notkun og gæðakerfi fest í sessi. Það er mat okkar sem setið hafa í stjórn síðastliðin fjögur ár að með þessu hafi tekist að bæta rekstur stofnunarinnar og þá þjónustu sem hún veitir, bæði til skemmri og lengri tíma.


Ragnheiður Þorgeirsdóttir
Bóli ef Austmunklaug
Lína Björg Triggvad
Jóna Björk Antnæs

HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR REKSTRINUM


Vegna ársins 2018

Heildarhagnaður ársins 2018 nam 3,9 milljörðum samanborið við 3,4 milljarða árið 2017. Þar liggur munurinn fyrst og fremst í iðgjaldatekjum sem vaxa um 7,1% á milli ára og fjárfestingatekjum sem vaxa um ríflega 9% á milli ára. Á sama tíma eykst kostnaður um innan við 2%. **Mynd 1** sýnir hvernig heildartekjur NTÍ á árinu 2018, alls 4,3 milljarðar, skiptast á milli iðgjalda- og fjárfestingartekna. **Mynd 2** sýnir þróun á heildarvirði váttryggðra eigna frá árinu 2003 í milljörðum króna. Á þeirri mynd sést að mikil aukning varð á verðmæti váttryggðra eigna á milli árunna 2017 og 2018. Sú aukning er fyrst og fremst vegna hækkunar brunabótamats sem er forsenda váttryggingafjárhæðar húseigna. Hækkun brunabótamats er nokkuð umfram hækkun byggingarvísitölu fyrir sama tímabil. Einnig bættust fleiri nýjar húseignir við váttryggingarstofn NTÍ árið 2018, en að jafnaði undanfarin ár. Á **Mynd 3** má sjá heildartjónskostnað NTÍ allt aftur til ársins 2008, en í maí það ár varð stór jarðskjálfti á Suðurlandi, sem jafnframt er stærsti tjónsatburður í sögu stofnunarinnar. Heildartjón vegna jarðskjálftans var um 10 milljarðar, en tjón umfram 6,5 milljarða var greitt af endurtryggjendum á grundvelli þágildandi endurtryggingasamnings. Heildargreiðslur vegna atburðarins, framreiknaðar með byggingarvísitölu til ársloka 2018, nema um 15,5 milljörðum.

Hagnaði NTÍ er ráðstafað inn á eignasafn, en eignir aukast um 11,6% á milli ára. Efnahagsreikningur ársins 2018 gefur niðurstöðu upp á 40,2 milljarða, samanborið við 36 milljarða fyrir árið 2017. Þar af eru fjárfestingatekjur 1,8 milljarðar.


TEKJUSKIPTING

Mynd 1




HEILDARVIRÐI VÁTRYGGÐRA EIGNA

Mynd 2



ÚTBORGUN TJÓNABÓTA ÁRIN 2008-2018 Á NÚVIRÐI

Mynd 3



INNLEIÐING

PERSÓNUVERNDARLAGA

Innleiðing á nýrri löggjöf um persónuvernd sem tók gildi sl. sumar hefur talsverð áhrif í rekstri NTÍ eins og annarra stofnana og fyrirtækja sem vinna með persónugreinanlegar upplýsingar. Stjórn NTÍ hefur lagt áherslu á að fylgni sé við þau lög og reglur sem nú gilda varðandi persónuvernd og hefur fylgst náið með innleiðingu þeirra hjá NTÍ. Endurskoðunarnefnd gegnir mikilvægu hlutverki í eftirfylgni með innleiðingarferlinu.

Starfsmenn NTÍ höfðu undirbúið innleiðingu laganna með öflun upplýsinga og greiningu á vinnslu persónuupplýsinga hjá NTÍ í aðdraganda að setningu laganna. Lögð var áhersla á að starfsmenn NTÍ sæju um innleiðinguna til að tryggja þekkingu á málaflokknum innanhúss, en aflað var álits sérfræðinga í vafatilvikum. Starfsmenn sem gegnt hafa lykilhlutverki við innleiðingu laganna hafa reglulega upplýst endurskoðunarnefnd og stjórn um framvindu verkefnisins.

Meðal annars var unnin vinnsluskrá, upplýsingagjöf til einstaklinga aukin og tryggt að persónuvernd yrði skoðuð sem hluti af áhættumati. Aflað var álits Deloitte á þeirri vinnu sem fram hafði farið vegna innleiðingarinnar og skilaði Deloitte skýrslu til stjórnar vegna málsins. Það er mat stjórnar að innleiðing löggjafarinnar sé í góðum farvegi hjá NTÍ og þar sé til staðar skipulag og þekking til að uppfylla kröfur laganna.

Stjórn hefur sett fram persónuverndarstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu NTÍ og undirritað samning við óháðan aðila sem sinnir hlutverki persónuverndarfulltrúa NTÍ.





INNLEIÐING

MANNVIRKJASKRÁR

Vátrygging helstu innviða sveitarfélaga og ríkisins er mikilvægur þáttur í starfsemi NTÍ, enda um að ræða mannvirki sem nauðsynleg eru íbúum landsins, s.s. vatns- og fráveitur. NTÍ annast innheimtu iðgjalds fyrir vátrygginguna, ólíkt innheimtu iðgjalds fyrir húseignir og lausafé, sem almennu vátryggingafélögin sinna fyrir NTÍ gegn þóknun. NTÍ er því í beinum samskiptum við eigendur mannvirkjana, s.s. vegna mats á endurstofnverði, útgáfu vátryggingarskírteina og loks innheimtu iðgjaldsins.



Undanfarin tvö ár hefur hugbúnaðarfyritækið Prógramm þróað sérstakt kerfi (Mannvirkjaskrá) til að sinna þessari þjónustu. Mannvirkjaskrá sem sérsniðin er að hlutverki NTÍ, heldur utan um allar upplýsingar sem tengjast váttryggingunni ásamt útgáfu váttryggingarskírteina. Eigendur hafa aðgang að kerfinu og þar með öllum skráðum upplýsingum um váttryggð mannvirki, m.a. sundurliðun endurstofnverðs. Eigendur geta jafnframt vistað upplýsingar um ný mannvirki eða breytingar á eldri mannvirkum í kerfinu og miðlun upplýsinga er því gagnkvæm og einföld.

Endurnýjun váttryggingarskírteina, sem fer fram í apríl á hverju ári, var nú í fyrsta sinn gerð í nýja kerfinu með mjög góðum árangri. NTÍ telur að kerfið muni bæta þjónustu við eigendur mannvirkjana, m.a. með því að veita betri yfirsýn yfir verðmætin sem í húfi eru og stytta boðleiðir. Með innleiðingu Mannvirkjaskrár standa væntingar til þess að skráning opinberra mannvirkja verði nákvæmari og öll vinnsla og utnumhald verði auðveldari. Þannig ætti hagsmunum sveitarfélaga og annarra eigenda opinberra mannvirkja að verða betur borgið með tilkomu Mannvirkjaskrárinnar.



LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI 2018

REKSTRARREIKNINGUR

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|--|----------|------------------|------------------|
| Iðgjöld ársins | | 2.946.653 | 2.751.705 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | | (491.521) | (478.098) |
| Eigin iðgjöld | 4 | 2.455.132 | 2.273.607 |
| Fjármunatekjur | 5 | 2.350.845 | 2.150.235 |
| Fjármagnstekjuskattur | 16 | (517.271) | (469.845) |
| Fjárfestingartekjur | | 1.833.574 | 1.680.390 |
| Heildartekjur | | 4.288.706 | 3.953.997 |
| Tjónakostnaður | | (4.094) | (178.568) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði | | (13.862) | (4.036) |
| Eigin tjón | 6 | (17.956) | (182.604) |
| Rekstrarkostnaður | 7-9 | (378.227) | (381.889) |
| Umboðslaun | | (27.606) | (33.677) |
| Heildargjöld | | (423.789) | (598.170) |
| Heildarhagnaður ársins | | 3.864.917 | 3.355.827 |

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|-------|-------------------|-------------------|
| EIGNIR | | | |
| Rekstrarfjármunir | 10* | 5.145 | 5.846 |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur | 12* | 37.659.042 | 33.855.790 |
| Endurtryggingaeignir | 13* | 61.731 | 137.483 |
| Viðskiptakröfur | | 656.968 | 521.996 |
| Aðrar kröfur | | 4.129 | 2.066 |
| Handbært fé | | 1.840.766 | 1.523.836 |
| | | 40.227.781 | 36.047.020 |
| EIGIÐ FÉ | | | |
| Varasjóður | | 4.270.135 | 4.270.135 |
| Óráðstafað eigið fé | | 34.144.157 | 30.279.240 |
| | 14* | 38.414.292 | 34.549.375 |
| SKULDIR | | | |
| Vátryggingaskuld | 15* | 1.054.872 | 975.071 |
| Skattskuldbinding | 16 | 713.212 | 475.778 |
| Viðskiptaskuldir | | 15.731 | 20.452 |
| Áfallinn kostnaður og fyrirframinnh. tekjur | | 29.674 | 26.344 |
| | | 1.813.489 | 1.497.645 |
| | | 40.227.781 | 36.047.020 |

*Stjórnumerktar skýringar má finna í ársreikningi á heimasíðu NTÍ, www.nti.is, aðrar skýringar eru á bls. 14-15

HELSTU SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2018

| Skýring 4 | 2018 | 2017 |
|------------------------------|------------------|------------------|
| Eigin iðgjöld | | |
| Bókfærð iðgjöld | 3.070.454 | 2.810.269 |
| Hluti endurtryggjenda | (491.521) | (478.098) |
| Breyting á iðgjaldaskuld | (123.801) | (58.564) |
| Eigin iðgjöld samtals | 2.455.132 | 2.273.607 |

| Skýring 5 | 2018 | 2017 |
|--------------------------------|------------------|------------------|
| Fjármunatekjur | | |
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum | 70.468 | 73.355 |
| Aðrar vaxtatekjur | 137 | 605 |
| Gangvirðisbreyting verðbréfa | 2.260.566 | 2.075.886 |
| Gengismunur gjaldmiðla | 19.674 | 389 |
| Fjármunatekjur samtals | 2.350.845 | 2.150.235 |

| Skýring 6 | 2018 | 2017 |
|---|---------------|----------------|
| Eigin tjón | | |
| Bókfærð tjón | 48.094 | 274.768 |
| Hluti endurtryggjenda | (19.138) | (62.164) |
| Breyting á tjónaskuld | (44.000) | (96.200) |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld | 33.000 | 66.200 |
| Eigin tjón samtals | 17.956 | 182.604 |

| Skýring 7 | 2018 | 2017 |
|--------------------------------------|----------------|----------------|
| Rekstrarkostnaður | | |
| Laun og launatengd gjöld | 91.944 | 89.835 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 26.984 | 32.118 |
| Innheimtuþóknun váttryggingafélaga | 123.008 | 177.668 |
| Umsýsluþóknun fjársýsluaðila | 77.093 | 64.895 |
| Rannsóknarkostnaður vegna náttúruvár | 12.450 | 0 |
| Húsnæðiskostnaður | 10.805 | 9.742 |
| Breyting á niðurfærslu krafna | 708 | (25.198) |
| Tapaðar kröfur | 111 | 1.505 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 35.124 | 31.324 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 378.227 | 381.889 |

| Skýring 8 | 2018 | 2017 |
|---|---------------|---------------|
| Laun og launatengd gjöld | | |
| Laun | 72.888 | 72.322 |
| Lífeyrisiðgjöld | 11.890 | 10.567 |
| Tryggingaiðgjald | 5.971 | 5.844 |
| Önnur launatengd gjöld | 1.195 | 1.102 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 91.944 | 89.835 |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 6 | 6 |

| Skýring 9 | 2018 | 2017 |
|---------------------------------------|--------------|--------------|
| Þóknun til endurskoðanda | | |
| Endurskoðun ársreiknings | 984 | 917 |
| Innri endurskoðun | 1.773 | 2.291 |
| Endurskoðunarkostnaður samtals | 2.757 | 3.208 |

| Skýring 16 | 2018 | 2017 |
|--|----------------|----------------|
| Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts | | |
| Skuldbinding í ársbyrjun | 475.778 | 270.382 |
| Fjármagnstekjuskattur ársins | 517.271 | 469.845 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | (279.837) | (264.449) |
| Skuldbinding í árslok | 713.212 | 475.778 |

